

Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Hafliði (Hafliðareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edwins Jakobsen (Hafliði Helgason v/Gránugötu).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglfirðinga (Kveldúlfisreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Silfurborg hf. (Hjaltalínsreitur).
 Hraðfrystihús Sameignarfélagssins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi sf. Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Reykjanes hf. (Helgareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 1, 2 og 3, og 4 að hluta) (Álækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Óskarssild hf. (Ólagötu 1, 2 og 3 að hluta) (Álækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 4).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Þórodds Guðmundssonar (Ólagata 5).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Njörður (Snorragata 9).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Síldarsöltun Ísfirðinga (Snorragata 11 og 13).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar hf., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt að allri strandlengjunnni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 25.

10. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Miðneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Sandgerði samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur um Túngötu frá suðri til norðurs frá Suðurgötu að Austurgötu. Ökutæki skal stöðva eða leggja hægra megin á nefndri götu.

2. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Heiðarvegi (Keflavíkurvegi) og Strandgötu að hafnargarði.

Athygli skal vakin á því, að vegir sem liggja að aðalbraut eru við vegamót merktir biðskylda eða stöðvunarmerki.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 10. febrúar 1965.

Björn Sveinbjörnsson, settur.